

## Auglýsing um framlög til verslana í dreifbýli

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.9 *Verslun í dreifbýli*.

### Um framlögin

Markmiðið er að styðja við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum fjarri stórum byggðakjörnum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Annars vegar er hægt að sækja um rekstrarstyrk og hins vegar styrk til búnaðarkaupa.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Rekstraráætlun fyrir árið 2022
- Ársreikninga tveggja síðustu ára
- Áætlun um fyrirhugaða starfsemi
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi byggðarlags.

### Styrkhæfir aðilar

Aðilar sem reka dagvöruverslanir á fámennum markaðssvæðum fjarri stærri byggðakjörnum þar sem flutningskostnaður er hár, innkaup óhagkvæm og rekstrarskilyrði erfið. Það sama á við um aðila sem hyggja á rekstur þar sem verslun hefur lagst af eða er við að leggjast af.

### Styrkfjárhæðir í boði

Allt að 30 milljónum króna verður veitt til að styrkja rekstur dagvöruverslana í minni byggðalögum vegna árána 2022 og 2023. Styrkfjárhæð að viðbættum styrkjum úr öðrum opinberum sjóðum vegna fjárfestingar getur aldrei numið meira en 80% af heildarkostnaði verkefnis.

### Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2022-2036.

Í umsókn um rekstrarstyrk skal umsækjandi meðal annars lýsa hvernig rekstri verslunar er háttað, opnunartíma, hvort um aðra starfsemi en verslunarrekstur er að ræða og hvort rekstraraðili sé í samstarfi við aðra um rekstur eða þjónustu o.s.frv.

Í umsókn um styrk til búnaðarkaupa skal umsækjandi lýsa þeim búnaði sem fyrirhugað er að kaupa og rökstyðja þörf á búnaðarkaupum.

Í umsókn þarf að koma fram nákvæm upphæð sem sótt er um. Þá skal koma fram mat á áhrifum styrkveitingarinnar.

Með umsókn skal fylgja ársreikningur árána 2020 og 2021, virðisaukaskattskýrslur sem skilað hefur verið á árinu 2022 og rekstraráætlun fyrir árið 2022.

Njóti umsækjandi annarra opinberra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

## Valnefnd, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti sunnudagsins 16.október 2022.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir og gerir tillögu til innviðaráðherra að úthlutun styrkja. Áætlað er að niðurstöður innviðaráðherra liggi fyrir í nóvember 2022.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verksins.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kr. Þórgrímsdóttir sérfræðingur hjá Byggðastofnun: [sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is).